



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjaness
Suðurgötu 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 14 (354) 845
85 10 www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík, 16. ágúst 2024
MÍ202406-0145 / 6.09 / P.H.

Lion ehf
b.t. Lárusar Guðmundssonar
Gauksstöðum
250 Suðurnesjabæ

Efni: Gauksstaðir – fornleifakannanir vegna framkvæmda

Minjastofnun Íslands hefur borist erindi frá Lárusi Guðmundssyni hjá Lion ehf, dagsett 25. júní 2024, þar sem óskað er eftir álti stofnunarinnar vegna vinnu við deiliskipulag þar sem fyrirhuguð er bygging frístundahúsa í landi Gaukstaða, Suðurnesjabæ. Í tengslum við skipulagsvinnuna var unnin fornleifaskráning á reitnum og gefin út í skýrslu; Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir: *Gauksstaðir. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*, Antikva ehf 2022. Skráning þessi fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til fornleifaskráningar vegna deiliskipulags, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Á svæðinu voru skráðar 11 fornleifar og eru 10 þeirra sýnilegar á yfirborði. Í umræddum drögum að skipulagi er gert ráð fyrir að frístundahúsini liggi í röð meðfram ströndinni, til suð-austurs frá íbúðarhúsinu á Gauksstöðum. Ljóst er að einhverjar minjar verða fyrir áhrifum vegna þessara framkvæmda. Minjavörður hitti landeigendur á vettvangi þann 5. júlí sl. þar sem farið var yfir í hvaða fornleifakannanir þarf að ráðast í áður en heimild er veitt til framkvæmda, en húsaröðin austast á skipulagssvæðinu mun að hluta fara yfir, eða mjög nærrí skráðum fornleifum. Þær minjar sem um ræðir eru eftirfarandi:

Nr. 1579: Hringlaga ávalur hóll, en minjar eru ekki sjáanlegar á yfirborði. Ganga þarf úr skugga um hvort hóllinn sé að einhverju leyti manngerður og fornleifar leynist þar undir sverði. Það mætti gera með töku borkjarna eða prufuholu. Ef í ljós kemur að minjar eru í hólnum þarf að taka könnunarskurð til að kanna betur gerð þeirra og hugsanlegan aldur.

Nr. 1578: Ógreinileg tvíhólfa tóft, líklega úтиhús frá Gauksstöðum. Samkvæmt skipulagsdrögum ættu þessar minjar að sleppa. Tryggja þarf að þær verði ekki fyrir raski á framkvæmdatíma.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili mál óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Nr. 1596: Rústahóll með sjáanlegum minjum á yfirborði (nr. 1575 og 1589). Samkvæmt skipulagsdrögunum mun húsaröðin liggja þétt upp að þessum hól og göngustígur liggja yfir hólinn. Taka þarf könnunarskurð í hólinn til að meta betur aldur og gerð minjanna.

Nr. 1597: Gömul gata sem liggur meðfram rústahólnum. Fyrirliggjandi fornleifaskráning telst vera fullnægjandi rannsókn.

Nr. 1586 og 1587: Garðlag sem liggur út frá rúsahólnum til norðurs. Fyrirliggjandi fornleifaskráning telst vera fullnægjandi rannsókn.

Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf Minjastofnun að meta hvort rannsóknin sé fullnægjandi til þess að heimila að minjarnar víki eða hvort hugsanlega þurfi að ráðast í frekari mótvægisáðgerðir.

Minjastofnun Íslands mælist til þess, sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, að uppgröftur á umræddum svæðum verði unnin með aðferðum fornleifafræði og undir stjórn fornleifafræðings. Rétt er að vekja athygli á 28. grein laganna þar sem segir: *Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.* Í kostnaði þarf að gera ráð fyrir úrvinnslu gagna og skýrslugerð í samræmi við *Reglur um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér* nr. 621/2019.

Ef spurningar vakna um efni bréfs þessa má snúa sér með þær til undirritaðs.

Virðingarfallst,

Pór Ingólfsson Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness

Afrit sent: Suðurnesjabær